

## FUNDARGERÐ

### 123. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á Hotel Nodica þriðjudaginn 21. apríl 2009 kl. 15<sup>00</sup>–18<sup>30</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður  
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)  
Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG) Ögmundur Einarsson (ÖE)  
Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. Ása Hauksdóttir (ÁH)  
Guðlaugur G. Sverrisson (GGS) Íris Gunnarsdóttir (ÍG)  
Már Karlsson (MK), fundarritari.

### Stefnumótun Úrvinnslusjóðs

Til fundarins var boðað með öllum stjórnar- og starfsmönnum sjóðsins vegna þessa eina máls en stefnan ásamt verkefnaskrá var samþykkt af stjórninni 3. nóv. 2006.

GGÞ hóf umræðurnar með því að kasta því fram hvort Úrvinnslusjóði væri í raun nokkuð óviðkomandi er snerti það sem betur mætti fara í umhverfismálum. Umræður urðu um ábyrgð og skyldur Úrvinnslusjóðs, ekki síst skylduna til að vera ráðherra til ráðgjafar og að gera tillögur að „nýjum gjaldskyldum vörum“ eins og það er orðað í lögum.

Það hefur verið skilningur magra að lög in um Úrvinnslusjóð hafi verið grundvallarsamningur stjórnvalda og atvinnulífsins um hvernig beri að haga þessum málum. Nefnd voru nýsamþykkt lög um raftækjaúrgang og afleiðingar þess að setja marga mismunandi lagabálka og kerfi í kringum einn og einn vöruflokk í stað þess að halda áfram að nýta Úrvinnslusjóð. Áriðandi var talið að stjórnarmenn móti sér skoðanir í hópi sinna skjólstæðinga og þær séu ræddar í stjórn Úrvinnslusjóðs.

Fjallað var um áhrif þess að ábyrgð á að ná takmarki um endurvinnslu er ekki á einni hendi. Hjá Úrvinnslusjóði varðandi pappi og plast en að öðru leyti hjá sveitarfélögum. Enda þótt tilskipanir séu um að ná ákveðnum markmiðum um endurvinnslu eru markmiðin ekki einhlít ef kostnaður reynist óhóflegur. Eftir hrun endurvinnslumarkaða í haust hafa meðal landa í EB komið fram hugmyndir um að fresta háleitari markmiðum en nú eru í gildi.

#### **Bókun 1.** ??????????????Árið 2006

*Stjórnin mælist til þess að hver og einn taki til umhugsunar það sem rætt hefur verið á fundinum. Framkvæmdastjóri hafi frumkvæði að því að móta drög að tillögum til ábendingar ráðuneytinu um framþróun í úrvinnslumálum og starfsemi Úrvinnslusjóðs. Drögin verði send stjórnarmönnum, sem taki til sjálfstæðrar athugunar.*

Næsti fundur áformaður þriðjudaginn 28. apríl kl. 12:00 á skrifstofu Úrvinnslusjóðs.

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs